

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2001.

*Sauðárkróki, 21. desember 2000.*

**Snorri Björn Sigurðsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

**um niðurfellingu á auglýsingu nr. 208 frá 23. mars 2000.**

1. gr.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing nr. 208 frá 23. mars 2000, varðandi öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Kenýa og Tansaníu.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2000.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórir Skarphéðinsson.*

## AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

*30 km hverfi á Oddeyri.*

Ökuhraði má ekki vera meiri en 30 km/klst. innan við Glerárgötu og Hvannavelli að vestan, innan við Furuvelli að norðan, innan við Hjalteyrargötu að austan og innan við Strandgötu að norðan.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 19. desember 2000.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**